

Fundargerð Fræðslu og skólanefndar 24. apríl 2021 að Breiðabliki kl. 20:00

Eftirfarandi mættir: Atli Sveinn Svansson, Gísli Guðmundsson, Halldór Jónsson, Sigurður Jónsson skólastjóri Laugargerðisskóla, Sonja Karen Marinósdóttir fulltrúi kennara, Kristján Magnússon frá Borgarbyggð boðaði forföll, Þórður Guðmundsson fulltrúi foreldra boðaði forföll og Eggert Kjartansson sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Farið yfir starfið í vetur. Skólastjóri fór yfir starfið í vetur m.a. hvaða starfsmenn hafi verið í skólanum í vetur og hvernig starfið gekk fyrir sig.
2. Umbótaáætlun vegna ytra mats Laugargerðisskóla. Ytra mat á starfi Laugargerðisskóla fór fram 2016 og kom það vel út fyrir skólann. Nauðsynlegt er samt að fylgja eftir því mati með umbótaáætlun vegna ákveðna atriða sem ábendingar komu fram um að mættu fara betur. Einnig er það nú svo að skólastarf er í stöðugri mótun. Skólastjóri fór yfir stöðuna og þau gögn sem voru send til Menntamálaráðuneytið í janúar í ár og samþykkt af ráðuneytinu í febrúar 2022.

Niðurstaða. Nefndin þakkar fyrir kynningu skólastjórna á stöðunni á vegna umbótaáætlunarinnar og telur hún mikilvægt að áfram verði áfram á sömu braut með því að senda inn til Menntamálaráðuneytið uppfærslur á áætluninni.

3. Skóladagatal skólaárið 2022-2023. Skólastjóri fór yfir skóladagatal vegna skólaársins 2022 – 2023.

Niðurstaða. Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti framlagt skóladagatal.

4. Kynning á fjárhagsáætlun Laugargerðisskóla vegna 2022. Oddviti fór yfir fjárhagaáætlun fyrir skólann vegna ársins 2022. Ljóst er að minni kostnaður er við skólann vegna ársins 2022 en verið hefur undanfarin ár.

Niðurstaða. Nefndin þakkar fyrir kynningu á fjárhagsáætlun fyrir skólann.

5. Farið yfir horfur fyrir næsta vetur. Skólastjóri fór yfir horfurnar á fjölda nemanda og þörf á starfsfólki fyrir skólaveturinn 2022 - 2023

Ekki fleira gert, fundi slitið kl. 21:00